

10

23. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsg. 2. gr. laganna bætist:

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd sjá um framkvæmd samkvæmt þessari grein á því svæði, sem hreppnum heyrði til.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 180 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 10. gr. laganna komi:

Skýlt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum. Stýfa skal hægri væng fugla þeirra, sem eitraðir eru.

4. gr.

Aftan við fyrri málsg. 13. gr. laganna bætist:

Landbúnaðarráðherra lætur gera eyðublöð undir skýrslur um eyðingu refa og minka. Skulu eyðublöðin þannig gerð, að þau sýni kostnað og árangur af hverri tegund vinnslu. Eyðublöð þessi sendist þeim, er reikningshald hafa vegna vinnslunnar á hverjum stað. Skulu þeir útfylla eyðublöðin og senda þau árlega til Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ákvæði laga þessara skulu einnig gilda um kaupstaði, eftir því sem við á. Bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) og bæjarstjórnir hafa þá sömu skyldur og sýslumenn og sýslunefndir (hreppsnefndir).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.